

## Starfsemi Verðlagsnefndar búvöru 2010

Á árinu 2010 hélt Verðlagsnefnd búvöru 7 bókaða fundi þar sem unnið var að verðlagningu mjólkur og mjólkurvara, auk óformlegra vinnufunda sem áttu sér stað milli verðlagninga. Mældar breytingar gjaldaliða verðlagsgrundvallar kúabús skv. upplýsingum Hagstofu Íslands, auk kostnaðabreytinga við vinnslu og dreifingu eru helstu viðfangsefni nefndarinnar hverju sinni. Heildsöluverð mjólkurvara byggir á tveim grunnþáttum:

- a) Hráefniskostnaði  
(Greiðslu afurðaverðs til mjólkurframleiðenda = Lágmarksverð mjólkur)
- b) Vinnslu- og dreifingarkostnaði  
(Rekstri afurðastöðva þ.e. vinnslu mjólkur, sölu og dreifingu mjólkurvara)

### HEILDSÖLUVERÐLAGNING Á ÁRINU 2010

Á almanaksárinu 2010 urðu engar breytingar á heildsöluverði mjólkur, þar sem hvorki lágmarksverð til framleiðenda né reiknaður vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur tóku breytingum.

Síðasta breyting á heildsöluverði átti sér stað 1. ágúst 2009, þar sem vinnslu- og dreifingarkostnaður mjólkur hækkaði. Við þá verðlagningu varð engin breyting á lágmarksverði til framleiðenda. Lágmarksverð til framleiðenda tók síðast breytingum 1. nóvember 2008. Hækkun vinnslu- og dreifingarkostnaður hafði síðast verði veitt út á markað 1. ágúst 2009, með hækkun heildsöluverðs.

Þeir 7 bókuðu fundir sem haldnir voru á árinu 2010 leiddu ekki til hækkunar, hvorki á lágmarksverði til framleiðenda né á vinnslu- og dreifingarkostnaði mjólkur, og þ.a.l. ekki á heildsöluverði mjólkur. Ákvörðun um verðbreytingar var tekin í janúar 2011 með gildistöku 1. febrúar 2011. Sú hækkun sem tók gildi 1. febrúar 2011, nam um 2,25% af heildsöluverði út á markaði, og fór sú hækkun öll til framleiðenda með hækkun á afurðastöðvaverði sem nam 3,25 kr/ltr – eða um 4,57%.

### SAMANTEKIN BREYTING 2007 – 2011


Í eftirfarandi yfirliti koma fram samanteknar hækkanir á lágmarksverði mjólkur til bænda á tímabilinu 1. janúar 2007 – 1. febrúar 2011.

### LÁGMARKSVERÐ MJÓLKUR

Tafla 1. Breyting á lágmarksverði mjólkur 1. janúar 2007 – 1. febrúar 2011

Dags	Verð kr/ltr		Breyting	
	Fyrir	Eftir	Kr	%
1. júlí 2007	47,45	48,64	1,19	2,51%
1. nóvember 2007	48,64	49,26	0,62	1,27%
1. janúar 2008	49,26	49,96	0,7	1,42%
1. apríl 2008	49,96	64,00	14,04	28,10%
1. nóvember 2008	64,00	71,13	7,13	11,14%
1. febrúar 2011	71,13	74,38	3,25	4,57%
<b>Samtals 1. janúar 2008 - 1. febrúar 2011</b>	<b>47,45</b>	<b>74,38</b>	<b>26,93</b>	<b>56,8%</b>

Í eftirfarandi mynd 1, kemur fram þróun almenns verðlags í landinu, sem mælt er með breytingu á vísitölu neysluverðs, og þróun vinnslu- og dreifingarkostnaðar mjólkur frá janúar 2007 til febrúar 2011.



Mynd 1 Þróun verðlags og vinnslu- og dreifingarkostnaðar janúar 2007 – febrúar 2011

Frá janúar 2008 t.o.m. febrúar 2011, hefur vísitala neysluverðs hækkað um 38%, á meðan vinnslu- og dreifingarkostnaður hefur hækkað minna eða um 28% vegna hagræðingaraðgerða í mjólkuriðnaðinum.

*f.h. SAM í Verðlagsnefnd búa*

*Pálmi Vilhjálmsson, aðalfulltrúi*

*Guðrún Sigurjónsdóttir, aðalfulltrúi*

*Einar Sigurðsson, varafulltrúi*